

Nd.

579. Frumvarp

til laga um sérstakan lögreglustjóra i Akureyrarkaupstað og Eyjafjarðarsýslu.

Flm.: Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja eða skipa sérstakan lögreglustjóra i Akureyrarkaupstað og Eyjafjarðarsýslu.

2. gr.

Lögreglustjóri sá, er settur eða skipaður yrði samkv. lögum þessum, skal hafa á hendi: Lögreglustjórn, meðferð lögreglumála og sakamála og leggja dóm á þau. Strandmál, skrásetning skipshafna, mæling og skráning skipa. Heilbrigðismál, firmaskrásetning, vegabréf, umsjón með hegningarhúsinu á Akureyri. Útnefning matsmanna og skoðunarmanna utan réttar, afgreiðslu leyfisbréfa til atvinnurekstrar, löggilding atvinnubóka, afgreiðsluvottorða um uppruna vöru, hlunninda- og aflaskýrslur. Ennfremur skal lögreglustjóri hafa á hendi forstjórn tollgæzlu, innheimtu á sköttum og tollum í rikissjóð, öðrum en maantalsbókargjöldum, gjöldum til slysatryggingarinnar, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda.

3. gr.

Laun lögreglustjóra, er séu jöfn launum bæjarfógetans á Akureyri eins og þau eru ákveðin í launalögum, og skrifstofukostnaður greiðist úr rikissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir heiðni bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar. Er það álit bæjarstjórnarinnar, að sú skipting á störfum, sem hér er farið fram á, sé bráðnauðsynleg eins og þar hagar til, og leggur því mjög ríka áherzlu á, að henni fáiast framgengt, enda sé þess samtímis gætt, ef frv. nær að verða að lögum, að við skiptinguna verði hvorki brotinn réttur á núverandi bæjarfógeta á Akureyri né lögverndaðir hagsmunir hans á nokkurn hátt bornir fyrir borð.